

# VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 & 8917810 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á miðvikudagsmorgnum**

## Óli á Læk

*þakkar börnum sínum og fjölskyldum þeirra, ásamt sveitungum og vinum fyrir heimsóknir og gjafir á afmælisdaginn 2. nóvember s.l.*

*Lifið heil.  
Ólafur Jón Jónsson*

## Aðalfundarboð

1) Aðalfundur Menningarfélags um Brydebúð verður haldinn fimmtudaginn 16. nóvember kl. 20:00 á neðri hæðinni í Suður-Vík.

Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

Nýjir félagar sérstaklega velkomnir.

F.h. stjórnar Menningarfélags  
um Brydebúð

*Guðrún Sigurðardóttir*



## UniCars Bílþjónusta

leitir eftir starfsmanni á verkstæði og í vegaaðstoð.

### Hæfniskröfur

- \* Þarf að geta unnið sjálfstætt
- \* Meirapróf æskilegt
- \* Hæfni í mannlegum samskiptum
- \* Reynsla af bílaviðgerðum nauðsynleg
- \* Þarf að geta unnið sveigjanlegan vinnutíma

Í starfinu felst í að sinna almennum bílaviðgerðum, vega aðstoð og bílaflutningar. Starfsstöð fyrirtækisins er á Kirkjubæjarklaustri.

Nánari upplýsingar veitir Uni Hrafn Karlsson  
í síma 649 4979 eða í tölvupósti [uni@unicars.is](mailto:uni@unicars.is)

## UniCars Bílþjónusta

is looking for a mechanic to work in garage and road side assistance

### Qualifications

- \* Can work independently and organize own work
- \* Truck driving license (not requirement)
- \* Can easily communicate with customers
- \* Experience in car mechanic
- \* Be able to work flexible worktime.

The job includes general vehicle repairs , road assistance and towing. UniCars Bílþjónusta is located in Kirkjubæjarklaustur.

For more information call Uni Hrafn Karlsson,  
tel +354 649 4979 or email [uni@unicars.is](mailto:uni@unicars.is)



## Legstein á leiði Vigdísar Ingvadóttur (Viggu gömlu)

Við erum nokkrar konur, fyrrum skólasystur, ættaðar úr Mýrdal sem hafa ákveðið að hefja söfnun fyrir legsteini á leiði förukonunnar Vigdísar Ingvadóttur, eða Viggu gömlu eins og hún var oftast kölluð.

Vigga fæddist árið 1864 að Norður Hvammi í Mýrdal. Hennar förukouferill hófst þegar hún var á barnsaldri og stóð alla hennar löngu ævi. Vigga var afar sérstæð jafnt í útliti sem og öllu háttarni. Hún skreytti fötin sín með tölum og alls konar glingri sem á vegi hennar varð. Vigga var vel gefin kona, minnug og orðheppin, en vanræksla í æsku er talin hafa átt sinn þátt í að móta hana til þess sérstaka lífs sem hún lifði.

Hún lést háöldruð árið 1957 að Norður Hvoli í Mýrdal en þar átti hún heima síðustu þrjátíu ár ævinnar.

Viggu hefur víða verið minnst. Þórður Tómasson í Skógum segir frá henni í bókinni *Gestir og grónar götur*, sem kom út árið 2000, Eyþór Ólafsson frá Skeiðflöt tók saman æviágrip um hana og birti í *jólablaði Fréttabúa árið 1988*. Sigþór Sigurðsson í Litla Hvammi skrifaði grein um Viggu í *ritið Dynskógar* árið 2008. Stefán Hannesson kennari í Litla Hvammi orti erfiljóð um Viggu sem birtist í bók Stefáns, *Á valdi vorsins* sem kom út árið 1965. Einnig hélt Jóna Sigríður Jónsdóttir myndlistarsýningu um Viggu í Byggðasafninu í Skógum árið 2011.



Vigdís Ingvadóttir

Á þessu má sjá að Vigga var og er ofarlega í huga þeirra sem kynntust henni í lifanda lífi. Hún var þrátt fyrir fátækt og umkomuleysi einn eftirminni-legasti Mýrdælingur sem uppi var á síðustu öld og saga hennar er samofin sögu Mýrdalsins.

Leiðið hennar Viggu er í Skeiðflatarkirkjugarði. Við vonum að Mýrdælingar og allir þeir sem muna eftir gömlu förukonunni eða hafa heyrt hennar getið, leggi okkur lið við að safna fyrir verðugum minnisvarða á leiðið hennar.

Reikningur sem leggja má inn á:  
0111 - 05 - 571760 kt. 300843-4179

Upplýsingar veitir Jóna Sigríður  
Jónsdóttir.s: 8923015  
netfang: [jonasj@simnet.is](mailto:jonasj@simnet.is)

## Hvalurinn í hvalvatni

Einu sinni fóru menn frá Miðnesi á Suðurnesjum fram í Geirfuglasker. Varð þá eftir af þeim einn maðurinn sem þeir ekki gátu náð vegna brims; var hann nú talinn af. Maður þessi hét Gísli.

Árið eftir fóru menn í Geirfuglasker. Var þá sami maðurinn þar fyrir í skerinu heill og lifandi. Fór hann með þeim til lands, en sagði fátt um ársdöl sína þó hann væri að spurður. Þó varð einhver þess vís af honum að hann hefði verið hjá konum tveim og að sú yngri væri ólétt eftir hann.

Skömmu síðar var hann við kirkju á Hvalsnesi; var þá messufólk margt. Um messutímann vill það til að kona kemur inn á kirkjugólfið og setur þar barnsvögg með barni í, og var yfir vöggnum rautt klæði. Fer hún síðan út. Eftir messuna spyr prestur alla í kirkjunni hvort nokkur kannist við barn þetta eða hvort nokkur vilji láta skíra það, en enginn gefur sig fram. Snýr þá prestur sér beinlínis að Gísla sem í skerinu hafði verið og spyr hann hvort hann kannist ekki neitt við barnið eða vilji láta skíra það. Maðurinn neitar því harðlega.

Í sama bili kemur kvenmaðurinn sem með vögguna kom inn og er þá mjög reiðugleg. Átelur hún manninn harðlega þar sem hann eigi henni lífið að þakka, hafi verið hjá henni árlangt og eigi með henni barn þetta, að hann skuli vera sá níðingur að vilja ekki kannast við barnið né láta skíra það.

Lagði hún það á að hann í staðinn skyldi verða að þeim versta illfiski á Faxaflóa.

Nú ætlaði prestur að hafa meira viðtal af konu þessari, en hún greip í sama bili barnsvögguna og gekk með hana úr greipum þeim. Sást hún ekki frammar, en rauða klæðið varð eftir og var haft fyrir altarisklæði í kirkjunni.

En það er að segja af Gísla að honum varð svo við að hann hljóp í sjóinn, varð að illhveli og grandaði bátum á Faxaflóa; urðu að því mikil vandræði. Loks fengu menn kraftaskáld eitt til að kveða hvalinn upp á land. Kvað hann hann þá upp í Hvalvatn og sést hann þar ekki nema þegar veit á harðindi eða einhver önnur stórtíðindi.

um hann.

*Úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar*



## JÓLABÚÐIN (hjá Kollu Matt)

Ránarbraut 9, Vík

Er opin virka daga 14:00 - 17:00,  
lau. 11:00 - 14:00  
(eða eftir samkomulagi gsm. 8951108 )

Ýmis jólavarningur  
Föndurdót og skreytingarefni  
Gjafavara í úrvali

Heitt á könnunni

Í Kollubúð verða hugmyndirnar til !



## Eyvindarhólakirkja.

Guðsþjónusta sunnudaginn 12. nóv. kl. 16.00 (ath tímasetningu).

Félagar úr kirkjukór Eyfellinga leiða söng  
undir stjórn Guðjóns Halldórs organista.

Aðalsafnaðarfundur að aflokinni athöfn.

Allir hjartamlega velkomnir.  
Sr. Skírnir Garðarsson



Væntanleg eftir áramótin:

## Fornar ferðaleiðir í Skaftárhreppi

um aldamótin 1900



Loftur Ólafsson á Hörgslandi hafði pósthreið milli Prestsbakka á Síðu og Odda á Rangárvöllum frá 1904 til 1936. Mörg straumvötn eru á þessari pósthreið og lengst af pósthreiðum hans voru flestar árnar óbrúðar. (Ljósmynd lánaði Elín Anna Valdimarsdóttir)

Í heimildaritinu **Fornar ferðaleiðir í Skaftárhreppi um aldamótin 1900** gefur að líta helstu upplýsingar varðandi fornar ferðaleiðir í Vestur-Skaftafellssýslu eins og þær voru um miðbik 19.aldar og fram yfir aldamótin 1900. Sérstök áhersla er lögð á það landsvæði er nú tilheyrir Skaftárhreppi. Leitað hefur verið heimilda um helstu ferðaleiðir; í hvaða tilgangi menn fóru þær og hvar þær lágu í landinu, ásamt ferðasögum, ljósmyndum og öðrum frásögum er efninu tengjast. Úrval gamalla ljósmynda prýða bókina og koma margar þeirra úr myndasafni Lilju Magnúsdóttur en hún hefur unnið að söfnun og skráningu gamalla ljósmynda úr Vestur-Skaftafellssýslu. Rætt var við fjölmarga heimildarmenn, bæði heima í héraði sem og brottflutta Skaftafellinga og hafa þeir lagt til ómetanlegar upplýsingar svo sem um staðsetningu örnefna, frásögur, ljósmyndir og aðrar heimildir. Verkefnið hefur einnig notið veglegra styrkveitinga.

Kirkjubæjarstofa þakkar öllum sem lagt hafa hönd á plóginn og gert þetta rit að veruleika.

Þeir sem hafa áhuga á að festa sér eintak af bókinni í forsölu eða styrkja útgáfu hennar geta skráð sig á Tabula honoraria (netfang: [kbstofa@simnet.is](mailto:kbstofa@simnet.is)). Bókin kostar 7000 krónur í forsölu en verður um 9000 krónur í smásölu.

*Kirkjubæjarstofa stendur að gerð bókunnar, Bókaútgáfan Sæmundur gefur bókina út og höfundur er Vera Roth.*

## Námsstyrkur SVSK

Allir sem hafa lögheimili í V-Skaftafellssýslu sem stunda reglubundið nám á framhaldsskólastigi sem ekki er lánshæft hjá LÍN hafa rétt til að sækja um styrkinn.

Gott væri að fá smá upplýsingar hvaða nám er stundað og með umsókninni skal fylgja staðfesting á skólavist.

**Frestur til að skila inn umsókn verður laugardagurinn 25. nóvember.**

Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar gildar.  
Umsóknir skulu sendar í tölvupósti til [lollasigga@gmail.com](mailto:lollasigga@gmail.com)

Stjórn SVSK

Stína og brúðan  
Íslenska vísnaplátan

Á kaupmanninn rétt við búðarborðið  
Svo brosfögur horfði Stína  
"Ég ætlaði bara að kaupa klæði  
í kjól á brúðuna mína."

"Og hvaða lit viltu ljúfan," sagð' ann  
"á litlu brúðuna þína?"  
"Hvað, auðvitað rauðan, já ósköp  
rauðan."  
í ákafa svaraði Stína.

Hann brosandí fór og klippti klæðið.  
"Hvað kostar það?" spurði Stína.  
"Einn koss," hann svaraði, "kostar  
klæðið  
í kjól á brúðuna þína."

Í búðinni glumdi við gleðihlátur,  
er glaðlega svaraði Stína:  
"Hún mamma kemur í bæinn bráðum,  
og borgar skuldina mína."